

Hafnarfirði, 16. desember 2021

Efni: svör við fyrirspurn Samfylkingar og Bæjarlistans varðandi NPA samninga.

1. Hvað er get ráð fyrir mörgum nýjum NPA samningum í fjárhagsáætlun næsta árs og í þriggja ára áætlun Hafnarfjarðar?

Ekki er gert fyrir nýjum NPA samningum í fjárhagsáætlun næsta árs. Innleiðingartímabil NPA þjónustu er frá 2019 – 2022. Í reglum Hafnarfjarðar um notendastýrða persónulegra aðstoð kemur fram, meðal annars „Fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018“.

Erfitt getur verið að áætla í þessum málaflokki. Einstaklingar geta flutt til og frá sveitarfélagi eða án fyrirvara öðlast rétt á samningi þegar svo ber undir. Því er miðað við núverandi fjölda samninga sem eru 17.

2. Er biðlisti eftir NPA samningum í dag?

Enginn er á biðlista eftir NPA samningi í dag.

3. Hversu lengi þurfa umsækjendur að jafnaði að bíða frá því þeir sækja um NPA samning þar til niðurstaða liggur fyrir?

Það er mismunandi hversu langur tími líður eftir að umsókn um NPA samning berst þangað til að niðurstaða liggur fyrir, fer það eftir því hversu fljótt ráðgjafi og umsækjandi geta mælt sér mót þar sem þjónustuþörf er metin. Að jafnaði liggur niðurstaða fyrir innan nokkurra vikna.

4. Hefur einhverjum umsóknum um NPA verið hafnað hjá Hafnarfjarðarbæ?

Umsóknum um NPA hefur verið hafnað þegar að umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir samningi samkvæmt reglum.

F.h. fjölskyldu- og barnamálasviðs
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri.